

69. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Bæjarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, sbr. þó eftirfarandi varðandi 57. gr. samþykktarinnar:

- a. Breytingar á 3. tölul. taka gildi 1. júní 1999.
- b. Skipulags- og byggingarnefnd tekur yfir málefni Hitaveitu Borgarness og Vatnsveitu Borgarness svo og aðrar veitur að afloknu þessu kjörtímabili.
- c. Félagsmálanefnd tekur við verkefni sem nú eru í húsnæðisnefnd að afloknu þessu kjörtímabili.
- d. Fræðslu- og menningarmálanefnd verður sameinuð í byrjun næsta kjörtímabils.
- e. Fulltrúum í félagsmálanefnd og skipulags- og byggingarnefnd verður fækkað úr sjö í fimm næst þegar kjörið verður í nefndirnar.
- f. Málefni leikskóla heyra undir fræðslunefnd til loka þessa kjörtímabils.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 535/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. apríl 1999.

F. h. r.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í sveitarfélaginu Kolbeinsstaðahrepp.

Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps hefur samþykkt deiliskipulag fyrir jarðirnar Syðri-Rauðamel og Flesjustaði.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

3. maí 1999.

F.h. hreppsnefndar Kolbeinsstaðahrepps,

Ólafur K. Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi.